

Þegar húsnæði er lagt til skal það fullnægja skilyrðum um gerð spennistöðvarhúsa, að dómi rafveitustjóra. Eðlilegur kostnaður notanda við gerð húsnæðis fyrir spennistöðina greiðist af rafveitunni, í leiguformi t. d. fyrir lengri tíma — og kemur til frádráttar heimtaugargjaldi.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum. Sé um óskipulagt hverfi að ræða eða aðstæður óeðlilegar skal greiða heimtaugargjald samkvæmt kostnaðarreikningi. Helmingur heimtaugargjalds skal greiddur við umsókn, en síðari hlutinn áður en notkun hefst.

Gjaldskrá þessi, sem rafveitunefnd Keflavíkur hefur samið og bæjarstjórn samþykkt staðfestist hér með samkv. vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá Rafveitu Keflavíkur og Gerðahrepps, nr. 229 10. júlí 1974.

Iðnaðarráðuneytið, 25. október 1974.

F. h. r.

Árni Snævarr.

Jóhannes Guðfinnsson.

Nr. 329.

29. október 1974.

AUGLÝSING

um afgreiðslutíma Hafnarfjarðar Apóteks.

Samkvæmt heimildum í reglugerð um afgreiðslutíma lyfjabúða utan Reykjavíkur nr. 305/1972 skal afgreiðslutími Hafnarfjarðar Apóteks vera sem hér segir, frá og með 15. nóv. 1974.

| | |
|--------------------------------|-------------|
| Mánudaga—föstudaga | kl. 9—18.30 |
| Laugardaga | — 10—12.30 |
| Helgidaga | — 11—12 |
| Aðfangadag og gamlársdag | — 9—12 |

Að öðru leyti skal gætt ákvæðis 6. gr. fyrrnefndrar reglugerðar.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 29. október 1974.

F. h. r.

Páll Sigurðsson.

Almar Grímsson.